



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. apríl 2008

Efni: Umsögn um stjórnarfrumvarp um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, heildarlög, 442. mál.

Samtök atvinnulífsins styðja efni þessa frumvarps og telja mikilvægt að um þróunarsamvinnuverkefni sem unnin eru á vegum íslenskra stjórnvalda sé mörkuð skýr stefna.

Mikilvægt er að verkefni þau sem unnin eru byggja á þeirri þekkingu og reynslu sem finna má í íslensku samfélagi og atvinnulífi. Þannig hafa mörg verkefni tengst sjávarútvegi og eins er nú fjallað um aukna áherslu á verkefni sem tengjast nýtingu endurnýjanlegra orkuauðlinda í þróunarríkjunum.

Það er mikilvægt að íslenskt atvinnulíf fái aðkomu að þeim verkefnum sem vinna á og í stað þess að stjórnvöld sjái um rekstur þeirra er æskilegt að vaxandi hluti þeirra sé beint tengdur íslenskum fyrirtækjum hvort sem er á sviði orkunýtingar, sjávarútvegs eða í öðrum greinum.

Fram hefur komið mikill áhugi íslenskra fyrirtækja til að sinna orkuverkefnum í þróunarríkjunum og eðlilegt að beina hluta þess fjármagns sem lagt er til verkefna af hálfu stjórnvalda til að styðja og styrkja slík verkefni og jafnvel tryggja að af einstökum verkefnum geti orðið sem annars ættu erfitt uppdráttar. Þannig getur samvinna atvinnulífs og stjórnvalda magnað þann ávinning sem af verkefnum getur orðið ekki síst fyrir þá sem njóta uppbyggingarinnar í þróunarríkjunum. Skýr farvegur fyrir slíka samvinnu þarf að vera í nýjum lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands.

Bent er á að á næstu árum og áratugum munu ríki heims leggja sífellt meira til að berjast gegn þáttum sem taldir eru valda loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Á þessu sviði geta Íslendingar fært fram mikla þekkingu og verkkunnáttu. Eins má minna á að einstök verkefni sem draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda í þróunarríkjunum geta skapað útstreymisheimildir sem nýtast í því ríki sem fjármagnar verkefnin og hafa mörg nálæg lönd staðið fyrir umfangsmiklum verkefnum í því skyni. Æskilegt er að þessu megi einnig finna stað í stefnumörkun stjórnvalda hér á landi.

Virðingarfyllt

Vilhjálmur Egilsson,
framkvæmdastjóri